

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 281/1992.

Skarphéðinn Árnason

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Vélorku hf.

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.022 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 26. maí 1991 til greiðsludags. Hann krefst og sýknu af kröfu stefnda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda samkvæmt fram lögðum reikningi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Vitnamál var og haldið í Héraðsdómi Reykjavíkur 22. september og 5. október 1993 að beiðni áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Telst hann hæfilega metinn 150.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnda vegna rannsóknar Iðntæknistofnunar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Árnason, greiði stefnda, Vélorku hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1992.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars sl., er höfðað af Skarphéðni Árnasyni, kt. 310324-7799, Kirkjubraut 58, Akranesi, með stefnu, þingfestri 27. júní 1991, á hendur Vélorku hf., kt. 540684-0499, Grandagarði 3, Reykjavík.

Með stefnu, birtri 30. ágúst 1991, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda í máli þessu.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða 500.022 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Þá krefst aðalstefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur aðalstefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði gert að greiða aðalstefnda hæfilegan málskostnað [...].

Til vara krefst aðalstefndi þess, að varakrafa í aðalsök og gagnkrafa í gagnsök verði sameinaðar og að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og gagnkrafa aðalstefnda komi þá til skuldajafnaðar að því marki, sem þurfa þyki. Í þessu tilviki verði málskostnaður felldur niður. Þá komi gagnkrafa einnig til sjálfstæðs dóms að því marki, sem hún kemur ekki til skuldajafnaðar.

Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 145.996 kr. auk dráttarvaxta [...]. Þá krefst gagnstefnandi málskostnaðar [...].

Dómkröfur gagnstefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda. Þá krefst gagnstefndi málskostnaðar [...].

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

II.*Aðalsök.**Málavaxtalýsing aðalstefnanda.*

Aðalstefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi árið 1987 látið Knörr á Akranesi smíða fyrir sig bát úr trefjaplasti, 10 brl. að stærð. Hafi báturinn hlotið nafnið Ásrún, AK-3, skipaskrárnúmer 1775. Aðalstefnandi hafi ásamt eiganda Síldarinnar, AK, snúið sér til aðalstefnda með það í huga að fá frá aðalstefnda vél ásamt nauðsynlegum búnaði í bátinn. Hafi aðalstefndi gert aðalstefnanda tilboð um Mermaid-vél, gerð Mariner, sem hafi verið 115 hö. við 2600 sn/mín., ásamt öllum búnaði, þ. m. t. rafkerfi, gir og skrufubúnaði öllum. Hafi aðalstefnandi pantað þessa vél frá aðalstefnda ásamt nauðsynlegum búnaði frá sama framleiðanda. Hafi umsamið verið verið PDS 10.759,42, en við afhendingu hafi það hækkað í PDS 10.992,24, og hafi höfuðskýring þess verið sú, að aðalstefndi hafði fengið annan

skrúfubúnað en ráð hafði verið fyrir gert í tilboði aðalstefnda frá öðrum framleiðanda, Teignbridge Propellers Ltd. Um niðursetningu á vél og meðfylgjandi búnaði í bátinn hafi Knörr á Akranesi annast.

Strax við sjósetningu á Ásrúnu, AK-3, hafi komið í ljós, að óeðlilegur hávaði var frá bátnum, auk þess sem báturinn hafi titrað mjög mikið, er honum var siglt, og hafi titringurinn aukist eftir því, sem vél bátsins var keyrð hraðar. Þá hafi vél bátsins ekki náð fullum snúningshraða, svo sem gefið hafi verið upp. Hafi aðalstefnandi strax kvartað við aðalstefnda og stöðvað greiðslur til hans til að knýja á um úrbætur. Hinn 29. 12. 1987 hafi verið gert samkomulag milli aðalstefnanda og aðalstefnda, þar sem aðalstefndi skuldbatt sig til að bæta úr göllum á vél og skrúfubúnaði. Hafi komið fram í samkomulaginu, að ef hávaða eða titring væri að rekja til niðursetningar á vél, myndi aðalstefnandi endurgreiða aðalstefnda allan kostnað.

Aðalstefndi hafi haft nokkra tilburði til að reyna að standa við samkomulagið. Hafi verið komist fyrir hávaðann í bátnum, en ekki hafi aðalstefnda tekist að komast að orsökum fyrir titringnum, né heldur hafi hann skipt um skrúfu á bátnum. Með bréfi, dags. 13. janúar 1989, hafi aðalstefndi tilkynnt aðalstefnanda, að hann teldi sig vera búinn að gera allar þær atvuganir, sem samkomulagið frá 29. desember 1987 kvæði á um, og að ekki yrði um frekari aðgerðir að ræða af hálfu aðalstefnda.

Í desember 1989 hafi verið framkvæmd af hálfu tæknideildar Fiskifélags Íslands mæling á Ásrúnu, AK-3, og hafi þar verið staðfest, að skrúfa bátsins væri of þung.

Í matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 3. ágúst 1990, hafi verið staðfest, að titringur í bátnum við snúningshraða aðalvélar yfir 1800 sn/m væri óeðlilegur. Hins vegar hafi matsmenn ekki treyst sér til að meta orsakir titringsins. Hafi þeir ráðlagt tiltekna úrbætur, áður en ráðist yrði í titringsmælingar, sem væru mjög kostnaðarsamar. Aðalstefnandi hafi leitað til tæknideildar Fiskifélags Íslands, sem hafi annast titringsmælingar á bátnum. Hafi fyrri mæling farið fram 6. 11. 1990, en hin síðari 11. 1. 1991. Á meðan hafi aðalstefnandi unnið að því að komast fyrir titringinn. Hafi komið í ljós, að stýring á girtengi passaði ekki við stýringu á flansi. Hafi stýring á flansi við gír verið rennd of víð. Er úr því hafði verið bætt, hafi titringurinn lagast. Í niðurstöðu tæknideildar fiskifélagsins segi, að hægt væri að einangra titringinn við öxulbúnaðinn.

Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. 125.000 kr. vegna skrúfuskifta skv. niðurstöðu matsmanna.
2. 375.022 kr. vegna útlagðs kostnaðar aðalstefnanda við efniskaup og aðkeypta vinnu við að komast fyrir titringinn skv. reikningum.

Málsástæður aðalstefnanda.

Aðalstefnandi kveðst reisa málsókn sína á því, að aðalstefndi hafi selt sér vél og meðfylgjandi búnað, sem hafi verið gallaður við sölu. Þá hafi aðalstefndi skuldbundið sig til að bæta úr göllumum samkvæmt samkomulagi aðalstefnanda og aðalstefnda. Hafi aðalstefndi í fyrsta lagi skuldbundið sig til að setja skrófu við hæfi í bátinn og í öðru lagi að komast fyrir titringinn, ef hann væri að rekja til vélbúnaðar þess, sem hann hafði selt aðalstefnanda. Hafi aðalstefndi vanefnt þetta samkomulag. Aðalstefndi hafi ekki sett rétta skrófu í bátinn, og hann hafi ekki komist fyrir titringinn, sem rekja hafi mátt til búnaðar þess, sem aðalstefndi hafði selt aðalstefnanda. Hafi aðalstefnandi því sjálfur orðið að kosta þær viðgerðir, sem nauðsynlegar voru til að bæta úr titringnum. Niðurstöður mælinga Fiskifélags Íslands svo og viðgerð aðalstefnanda hafi staðfest, að titringinn í bátnum mætti rekja til öxul- og skrófubúnaðar þess, sem aðalstefndi hafði selt aðalstefnanda, en ekki til niðursetningar búnaðarins í bátinn. Aðalstefndi sé því skaðabótaskyldur fyrir því tjóni, sem aðalstefnandi hafi orðið fyrir.

Lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur á 42. gr. l. nr. 39/1922 og að aðalstefnandi hafi í tíma kvartað við aðalstefnda, sbr. 54. gr. s. l. Þá vísar aðalstefnandi til almennra reglna samningaréttar, enda hafi aðalstefndi með samkomulagi skuldbundið sig til að bæta úr göllumum.

Krafan um dráttarvexti styðst við 10. og 12. gr. l. nr. 25/1987.

Krafan um málskostnað og vexti af málskostnaði er reist á 177. gr., 184. gr. og 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Krafan um virðisaukaskatt af málskostnaði byggist á lögum nr. 50/1988, en aðalstefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Málavaxtalýsing aðalstefnda.

Aðalstefndi kveður málsatvikum í meginatriðum rétt lýst í stefnu og greinargerð aðalstefnanda á dskj. nr. 2, en þó fari aðalstefnandi rangt með nokkur meginatriði málavaxta eða geti þeirra ekki.

Fullyrðing aðalstefnanda í greinargerð á 2. bls., að verkið hafi verið tekið út af aðalstefnda og niðursetning Knarrar á vélinni ásamt meðfylgjandi búnaði samþykkt, sé röng. Hljóti hér að vera átt við úttekt starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins á því verki eins og öðrum verkum í smíði skipsins, svo sem lög og reglugerðir bjóði, einkum V. kafli l. nr. 51/1987 um eftirlit með skipum, sbr. dskj. nr. 47. Hið rétta í þessum efnun sé, að aðalstefndi hafi hvergi komið nærri niðursetningu vélbúnaðarins og ekki tekið það verk sérstaklega út, enda slík verk ekki í verkahring starfsmanna aðalstefnda, heldur starfsmanna Siglingamálastofnunar. Eins og venja sé til,

hafi starfsmaður aðalstefnda verið viðstaddur reynslusiglingu bátsins og annast gangsetningu vélar og gengið úr skugga um, að allt væri með felldu í þeim efnum.

Aðalstefndi hafi þegar í upphafi tekið þá afstöðu, að hann telji, að öll kvörtunarefni aðalstefnanda um vélbúnaðinn, sem felist framar öðru í óeðlilegum titringi á bát og búnaði, þegar vél sé verulega beitt, eigi rót sína að rekja til undirbyggingar og niðursetningar vélarinnar, gerð afturstefnis bátsins og í þeim samböndum fyrirkomu skráfunnar, sem hafi fyrir bragðið haft of litla rýmd til að vinna í. Þar hafi aðalstefndi hvergi komið nærri og beri þegar af þeim ástæðum enga ábyrgð á því, hvernig þau verk hafi til tekist.

Í greinargerð aðalstefnanda sé því enn fremur ranglega haldið fram, að aðalstefndi hafi afgreitt til aðalstefnanda aðra skrófu með vélbúnaðinum en upphaflega hafi verið ákveðið og látið að því liggja, að sú skrófa, sem afgreidd var, hafi verið öðruvísi en sú skrófa, sem til stóð að afgreiða, og að rekja megi vandræði aðalstefnanda til þess.

Skráfubúnaðurinn (ekki einvörðungu skrófan) hafi verið afgreiddur frá sama framleiðanda og upphaflega hafi verið áformað. Sú breyting hafi ein orðið á þessari afgreiðslu, að skráfubúnaðurinn hafi komið beint frá framleiðandanum, en ekki með meðalgöngu vélaframleiðandans, eins og upphaflega hafi verið áformað. Skráfubúnaðurinn hafi þó verið afgreiddur í fullu samráði við vélaframleiðandann.

Í tilboði aðalstefnda til aðalstefnanda hafi verið boðinn „standard“ skráfubúnaður með 27" skrófu, sbr. dskj. nr. 3 og 4. Þegar aðalstefnandi staðfesti pöntun sína, hafi mál á skráfubúnaði verið óþekkt, en þau hafi átt að koma síðar frá skipasmíðnum. Þetta mál á skrófu hafi komið síðar, þ. e. 29" samkvæmt málgjöf frá skipasmíðnum, og hafi þeim málum verið komið áleiðis til skráfuframleiðandans. Það hafi því verið aðalstefnandi með meðalgöngu skipasmíðastöðvarinnar, sem ákvað endanlega þvermál skráfunnar. Þessi stækkun á skráfunni hafi leitt til þess, að skrófan varð dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta ásamt fleira hafi leitt til ágreinings við aðalstefnanda, sbr. dskj. nr. 9, er lyktaði með því, að aðalstefndi sat uppi með þennan aukakostnað af skráfunni.

Ekki sé vitað til þess, að aðalstefnandi hafi látið kunnáttumenn reikna út stærð og gerð skrófu, svo sem algengt sé við slíkar aðstæður, a. m. k. þegar um stærri skip sé að ræða. Af þessum ástæðum sé rétt að leggja á það áherslu, að ákvörðun um stærð skráfunnar hafi verið tekin í öllum meginatriðum á grundvelli upplýsinga frá skipasmíðastöðinni, eins og áður greini. Hafi sú skrófa, sem valin var, átt að skila góðri nýtingu fyrir það vélarafl,

sem fyrir var í bátnum, ef annað hefði ekki komið til, sem seinna verði vikið að, þegar fjallað verði sérstaklega um ætlaða galla á vélbúnaðinum, sem komi fram í hávaða frá vélbúnaði og titringi, og vélin hafi ekki náð upp fullum snúningi.

Það sé rétt hjá aðalstefnanda, að þegar við sjósetningu bátsins hafi komið í ljós mikill hávaði og titringur á bátnum, sem aukist hafi við aukinn snúningshraða. Enn fremur hafi vélin ekki náð fullum snúningshraða. Starfsmenn aðalstefnda hafi lagt í það mikla vinnu að kanna, hvort rekja mætti þennan hávaða og titring til sjálfs vélbúnaðarins eða skrufubúnaðarins. Þessi athugun þeirra hafi sannfært þá um það, að ekkert væri að sjálfum vél- eða skrufubúnaðinum. Eigi að síður hafi aðalstefndi fallist á að gera samkomulag það við aðalstefnanda, sem greini á dskj. nr. 9. Þar hafi einkum ráðið vilji hans til þess að reyna að stuðla að lausn þessa vandamáls aðalstefnanda, eins og kappkostað hafi verið gagnvart öllum viðskiptamönnum aðalstefnda.

Aðdragandi að samkomulaginu á dskj. nr. 9 hafi verið sá, að aðalstefnandi hafi ekki staðið við loforð um að ganga frá greiðslum, svo sem upphaflega hafi verið samið um, m. a. hafi hann ekki undirritað lánsskjöl, þrátt fyrir það að hann hafði fengið allan vélbúnaðinn í hendur og sá búnaður hafi verið kominn niður í bátinn. Aðalstefnandi hafi nú gert kröfu um verðlækkun vegna skráfunnar, og hafi hann krafist þess, að aðalstefndi leysti titringsmálin, ella yrði ekki gengið frá lánsskjöllum. Undir þessum óbilgjörnu kröfum aðalstefnanda hafi samkomulagið verið gert, og setji sú staðreynd óhjákvæmilega nokkurt mark á efni þess.

Það sé rangt af hálfu aðalstefnanda að halda því fram, að samkomulagið feli í sér viðurkenningu af hálfu aðalstefnda á því, að þessa annmarka mætti rekja til sjálfs vélbúnaðarins. Starfsmenn aðalstefnda hafi, svo sem 5. tl. samkomulagsins beri með sér, frá upphafi hallast að því, að ástæðna til hávaða og titrings í bátnum væri miklu fremur að leita til mistaka eða annmarka í undirbyggingu og niðursetningu vélbúnaðar en til vélbúnaðarins sjálfs, enda reynsla þeirra góð af þessum vélbúnaði. Aftur á móti hafi verið talið líklegra, að ástæður þess, að vélin náði ekki upp snúningshraða, mætti frekar rekja til sjálfrar skráfunnar, en þó hafi ýmsar aðrar ástæður getað komið þar til álita, svo sem afstaða skráfu til nærliggjandi hluta skipsins, þess rýmis, sem skráfan vann í, og svo þess, sem reyndar hafi síðar komið í ljós, að skráfan hafi legið allt of nærri sjálfu skipinu, m. a. afturstefni skipsins, sem auk þess hafi reynst vera mjög þvert fyrir og þykkt.

Málsástæður aðalstefnda.

Aðalstefnandi reisi kröfur sínar á tveimur málsástæðum: Hin fyrri sé, að skrifubúnaður sá, sem aðalstefndi seldi honum, hafi verið gallaður, en hin síðari, að aðalstefndi hafi vanefnt samkomulag aðila frá 29. desember 1987.

Því er harðlega mótmælt, að aðalstefndi hafi afgreitt til aðalstefnanda of þunga skrófu á bátinn. Aðalstefndi hafi afgreitt þá skrófu, sem endanlega var pöntuð af aðalstefnanda fyrir milligöngu skipasmíðastöðvarinnar. Sú skrófa sé í fullkomnu lagi sem slík og sé enn undir bátnum. Skrófunni hafi verið komið rangt fyrir í upphafi, þ. e. of nærri afturstefni skipsins, sem að auki hafi verið of þykkt og þvert fyrir. Eftir að þetta hafi verið lagfært, skili hún viðunandi árangri, sbr. dskj. nr. 44. Benda megi á, að reyndir skipstjórnamenn kjósi að jafnaði að ná fullu afli út úr aðalvél, áður en náð sé fullum snúningshraða á vél.

Þá skírskotar aðalstefndi til þess, að aðalstefnandi hafi ekki skilgreint neina hönnunar- eða byggingargalla á sjálfum skrifubúnaðinum, en reyni í stað þess að yfirfæra gallahugtakið á það, að skrófan vinni ekki eins og til sé ætlast. Aðalstefndi reisi sýknukröfu sína á því, að búnaðurinn sé ógallaður, en vandkvæðin megi rekja til fyrirkomu hans á skipinu. Á því beri aðalstefndi ekki ábyrgð.

Í þessum samböndum bendir aðalstefndi á, að nákvæmlega sömu vandkvæðin hafi komið upp í systurskipi Ásrúnar, AK-3, þ. e. Síldinni, AK-88, sem sé sams konar skip, smíðað á sama stað og búið sama vélbúnaði, þ. m. t. skrifubúnaði. Bendir aðalstefndi á ljósmyndir af skrifubúnaði Síldarinnar á dskj. nr. 49, eins og honum var komið fyrir í upphafi. Með vísan til dskj. nr. 50 megi öllum kunnáttumönnum vera ljóst, að skrófan geti ekki skilað viðunandi árangri við þessar aðstæður. Við úrbætur á því skipi hafi í öllu verið farið að ráðum starfsmanna aðalstefnda. Eftirfarandi aðgerðir hafi verið framkvæmdar með þeim árangri, að titringur og hávaði hurfu með öllu, báturinn jók hámarkshraða um hálfa sjómílu og snúningshraði aðalvélar jókst um 100 snúninga:

1. Nýir og heldur stífari púðar voru settir undir vélina og þeim fjölgað úr fjórum í sex.
2. Skutpípa var gerð sveigjanleg að innanverðu með DEEPSEAL-þéttingu.
3. Afgreiddur var lengri háls á ytri flans á skutpípu til að geta komið fyrir lengri skrófuás.
4. Lengri skrófuás var afgreiddur til að geta fært skrófuna aftar. Með því fékkst betra aðstreymi frá hinu breiða afturstefni og meira rými frá skrófu upp í byrðing bátsins, allt í samræmi við fyrirmæli í fræðibókum í þeim efnum, sbr. dskj. nr. 50.

5. Sama skrófa var notuð áfram.

Útgerðarmaður Síldarinnar hafi greitt alla þá vinnu, sem aðalstefndi lét í té við þessar lagfæringar, og allan efniskostnað. Af þessu megi sjá, að allt tal aðalstefnanda um galla á vélbúnaði eigi ekki við rök að styðjast.

Að því er hina málsástæðuna varði, þ. e. vanefnd á samkomulagi aðila, er henni mótmælt sem rangri. Aðalstefndi telji sig hafa efnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu í öllum eignum, en það hafi aðalstefnandi hins vegar ekki gert.

Samkomulagið hafi verið í fimm liðum, m. a. um lækkun á verði skrófubúnaðar og vexti vegna skrófubúnaðar og sérstakan afslátt vegna Jabsco-dælu. Aðalstefnandi viðurkenni í málaltilbúnaði sínum, að aðalstefndi hafi í öllu staðið við fjóra fyrstu liði samkomulagsins, en hann hafi hins vegar vanefnt fimmta lið þess. Í þessum fimmta lið séu þrjú meginatriði:

1. Að Vélorka hf. muni skipta um skrófu á bát aðalstefnanda, þ. e. setja þriggja blaða skrófu í stað þeirrar fjögurra blaða skrófu, sem afgreidd var með bátnum.
2. Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess að setja . . . „skrófuás í bekk vegna könnunar á, hvort skekkja geti verið í ás eða tengjum“.
3. Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess . . . „að finna, hvað veldur hávaða í fremri legu í skutpípu“.

Þá sé vakin athygli á niðurlagssetningu 5. liðar samkomulagsins, þar sem segi: „Ef í ljós kemur, að orsök titrings og hávaða sé að finna í niðursetningu í vél, mun Skarphéðinn endurgreiða allan útlagðan kostnað Vélorku hf. Vélorka hf. skuldbindur sig til þess að hafa gert ofangreindar breytingar fyrir 1. 9. 1988. Skarphéðinn mun aðstoða menn frá Vélorku hf. við framkvæmd lagfæringa.“

Aðalstefndi telji sig hafa staðið við öll atriði þessa samkomulags. Vísar aðalstefndi í því sambandi til bréfs aðalstefnanda, dags. 17. ágúst 1990, sbr. dskj. nr. 22. Í bréfi þessu komi fram um fyrsta atriðið, að aðalstefnanda hafi verið send þriggja blaða skrófa, mun léttari en sú skrófa, sem afgreidd var með vélbúnaðinum. Samkvæmt útreikningum hafi skrófa þessi átt að auka snúningshraða vélarinnar um 200 snúninga undir álagi. Fram komi, að skrófan hafi verið prófuð, en aðalstefnandi kosið að endursenda hana vegna þess, að titringur í bátnum minnkaði ekki. Með öðrum orðum sé ástæðan fyrir því, að aðalstefnandi tók ekki við þessari skrófu, sú, að hún upphóf ekki þann titring, sem ávallt gætti við mikinn snúningshraða. Ekki sé annað vitað en vélin hafi náð upp fullum snúningshraða með þessari skrófu, og sé fullyrt af hálfu aðalstefnda, að svo hafi verið. Þessi þriggja

blaða skrífa hafi verið 30" × 19" (þvermál × stigning), sem samsvari fjögurra blaða skrífu 28,2" × 18,6", eða svipuð skrífa og tæknideild fiskifélagsins mælti með, sbr. dskj. nr. 18 og 44.

Samkvæmt öðrum atriðum samkomulagsins hafi aðalstefndi skuldbundið sig til að setja skrífuás í rennibekk til könnunar á því, hvort skekkja gæti verið á ás eða tengjum. Þetta hafi allt verið gert, m. a. hafi skrífuás verið endurbættur, heill ás verið settur í stað samsetts áss og allar umræddar mælingar framkvæmdar, og hafi niðurstaða þeirra mælinga verið sú, að um enga slíka skekkju væri að ræða.

Aðalstefndi hafi skuldbundið sig til að komast að því, hvað ylli hávaða í fremri legu á skutpípu. Þessa skyldu hafi aðalstefnandi ávallt túlkað á þann veg, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess að komast fyrir titring í bátnum frá vélbúnaði. Þessum skilningi á samkomulaginu hafi þrásinnis verið mótmælt af hálfu aðalstefnda. Vísar aðalstefndi m. a. til bréfs aðalstefnda á dskj. nr. 22, þar sem hann reki, hvað gert hafi verið í þessum efnum. Komi þar fram, að ástæður hávaðans hafi fundist og úr því verið bætt af hálfu aðalstefnda. Rétt sé að vekja athygli á því, að starfsmenn aðalstefnda hafi mælt með sérstakri lausn á þessu vandamáli, þ. e. að setja skutpípu í bátinn, sem væri sveigjanleg að innanverðu. Aðalstefnandi hafi ekki fallist á þessa ráðleggingu aðalstefnda til betri lausnar, og verði aðalstefndi ekki sóttur til ábyrgðar fyrir þá ákvörðun aðalstefnanda.

Aðalstefnandi hafi látið dómkveðja matsmenn til að segja til um ástæður hávaða og titrings í bátnum, og enn fremur hafi þess verið óskað, að matsmenn létu í ljós viðhorf sitt til þess, hvort skrífa bátsins væri hæfileg miðað við vélarstærð og aðstæður. Samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 20 sé það niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna, að þeir hafi ekki treyst sér til við þær aðstæður, sem þarna voru, að segja til um ástæður titringsins, sem frá upphafi hafi virst vera meginástæða þess, að aðalstefnandi fór af stað með mál þetta. Hins vegar hafi matsmenn komist að þeirri niðurstöðu, að skrífa bátsins væri of þung og það væri ástæða þess, að vélin næði ekki fullum snúningi.

Tæknideild Fiskifélags Íslands hafi tvívegis framkvæmt skoðun á vélbúnaði bátsins. Túlki aðalstefnandi niðurstöður þeirra mælinga á þann veg, að upphaflegur skrifubúnaður hafi verið gallaður með þeim hætti, að aðalstefndi beri þar fébótaábyrgð gagnvart aðalstefnanda. Aðalstefndi telji þennan skilning á niðurstöðu skýrslunnar rangan og óskiljanlegan. Aðalstefndi haldi því fram, að þessar mælingar tæknideildarinnar staðfesti einmitt það, sem hann hafi allt frá upphafi haldið fram, að annmarkar á vélbúnaðinum verði ekki raktir til neinna galla á sjálfum vélbúnaðinum eða

skrúfunni sjálfri, heldur sé hér einkum um að ræða annmarka á niðursetningu vélarinnar og vélbúnaðarins. Aðalstefndi telji, að skýrslurnar leiði ótvírætt í ljós, að ábendingar sínar um lagfæringu hafi átt við rök að styðjast.

Undirrót vandræða aðalstefnanda sé sú, að aðalstefnandi eða trúnaðarmenn hans við hönnun skipsins hafi ekki farið svo að við undirbúning smíðinnar á sjálfu skipinu og þar með ákvörðun um vélbúnað þess á þann veg, sem venja sé og reglur um nýsmíði mæli fyrir um. Ekki verði séð, að neinar teikningar hafi verið gerðar fyrir undirstöðu vélarinnar sjálfrar og skrúfubúnaðarins. Engar slíkar teikningar hafi verið lagðar fyrir starfsmenn aðalstefnda til að auðvelda þeim ráðgjöf um stærð og gerð skrúfubúnaðarins. Af þessari vanrækslu eða tómlæti verði aðalstefnandi að bera hallann.

Af framangreindu leiði, að sýkna beri aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Varakröfuna kveður aðalstefndi gerða ex tuto.

Verði talið, að aðalstefndi beri fébótaábyrgð gagnvart aðalstefnanda á einhverjum þætti þessara annmarka, hljóti það einvörðungu að beinast að sjálfri skrúfunni, en allir þeir annmarkar, sem tengist titringi og hávaða frá vél, verði ekki taldir á ábyrgð aðalstefnda samkvæmt framansögðu. Verði aðalstefndi talinn bera ábyrgð á þeim kostnaði, sem beinlínis sé tengdur skrúfuskriptum eða prófunum á skrúfum, verði lagður til grundvallar einvörðungu hluti þess kostnaðar, sem aðalstefndi sé hér krafinn um. Ljóst sé, að meginhluti þessa kostnaðar sé tengdur því að reyna að grafast fyrir um titring frá vélbúnaði og upphaf hávaða frá skrúfubúnaði. Í ljós sé leitt, að bæði titringinn og hávaðann sé að rekja til mistaka og/eða hönnunargalla á undirstöðum vélar og vinnu við sjálfa niðursetninguna og síðast, en ekki síst, fyrirkomu skutþípu og tengsla skrúfubúnaðar við aðalvél.

III.

Gagnsök.

Málsástæður gagnstefnanda.

Gagnstefnandi reisir kröfur sínar í gagnsök á því, að í ljós hafi verið leitt, að umdeildur titringur í bát gagnstefnda verði ekki rakinn til ástæðna, sem gagnstefnandi beri ábyrgð á sem seljandi vélbúnaðarins. Því standi upp á gagnstefnda að greiða gagnstefnanda útlagðan kostnað við tilraunir hans til að ráða bót á þessum annmarka, sbr. samkomulag þar um á dskj. nr. 9. Skorað hafi verið á gagnstefnda að greiða þessa skuld, en án árangurs.

Dómkrafan er reist á reikningi gagnstefnanda á hendur gagnstefnda, nr. 11132, dagsettum 16. júní 1989, en fjárhæð reikningsins sé ekki umdeild. Dráttarvaxta er krafist frá dagsetningu reikningsins til greiðsludags.

Lagarök.

Gagnstefnandi vísar til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuld-bindingargildi loforða, vanefndir og vanefndaúrræði, sbr. lög um lausafjárkaup nr. 22/1939 og lög um samningsgerð o. fl. nr. 7/1936. Um dráttarvaxtakröfur vísar gagnstefnandi til laga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989 um breytingar á þeim lögum. Um dráttarvexti af málskostnaði er vísað til 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

Málsástæður gagnstefnda.

Gagnstefndi telur sannað og sannanlegt, að orsök gallanna sé ekki að rekja til niðursetningar á vél, heldur til þess búnaðar, sem gagnstefnandi seldi honum. Beri því að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Lagarök.

Um lagarök vísar gagnstefndi til greinargerðar í aðalsök á dskj. nr. 2.

IV.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar aðalstefnandi, Skarphéðinn Árnason, framkvæmdastjóri aðalstefnda, og stjórnarmaður, Úlfar Ármannsson, Stefán Kárasen, tæknifræðingur hjá Fiskifélagi Íslands, Jón Sigurðsson vélstjóri, tæknideild Fiskifélags Íslands, Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur, tæknideild Fiskifélags Íslands, Claus Ballzar vélfræðingur, Kristján Hermannsson, þjónustustjóri hjá aðalstefnda, og Pétur Svavarsson, sölumaður hjá aðalstefnda.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að aðalstefndi hafi selt sér gallaða vél og búnað og að hann hafi skuldbundið sig til þess að bæta úr göllunum samkvæmt sérstöku skriflegu samkomulagi, sem liggur fyrir á dskj. nr. 9. Er ágreiningslaust, að aðalstefndi hefur staðið við samkomulagið, að því er varðar töluliði 1–4, en því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi ekki staðið við það að setja nýja skrófu í bátinn skv. 5. tölulið samkomulagsins, auk þess sem hann hafi skuldbundið sig til að komast fyrir titring, ef hann væri að rekja til vélbúnaðar þess, sem hann hafði selt aðalstefnanda.

Fram hefur komið, að í tilboði því, sem aðalstefndi gerði aðalstefnanda um vélbúnað, var miðað við ákveðna skrufustærð, 27"×19". Er óumdeilt, að stærð skrufunnar, sem aðalstefnandi þurfti í bát sinn, lá ekki fyrir, þegar pöntunin var gerð, og átti skipasmiðurinn, sem smíðaði bátinn, að gefa aðalstefnda upp málin, þegar ljóst væri, hver þau yrðu. Eftir að upplýsingar höfðu borist frá skipasmiðnum um skrufustærð, var síðan pöntuð 29"×19"

skrúfa. Ekki er upplýst, hvort skipasmiðurinn gaf upp skrúfustærðina 29"×19" eða hvort hann gaf upp mál, sem skrúfustærð var síðan reiknuð út frá. Aðspurður kvaðst aðalstefnandi ekki muna, hvort hann hefði átt einhvern þátt í þeirri ákvörðun að panta 29" skrúfu í stað 27" skrúfu. Liggur ekkert fyrir skriflegt í þeim efnum, og verður aðalstefnandi að bera hallann af því, að sönnun skortir um það, hvort aðalstefndi kunni að hafa afgreitt ranga skrúfustærð miðað við þær upplýsingar, sem hann fékk hjá skipasmiðnum.

Það liggur fyrir, að aðalstefndi sendi aðalstefnanda þriggja blaða skrúfu til reynslu, eins og kveður á um í 5. tölulið samkomulagsins, en aðalstefnandi endursendi hana, þar sem hann kvað hana hafa verið bæði stærri og þyngri en þá, sem fyrir var. Þá heldur aðalstefnandi því fram, að sú skrúfa hafi ekki verið send til efnda á samkomulaginu, heldur hafi það verið miklu fyrr. Hann gat þó ekkert upplýst um það, hvenær það átti að hafa verið, og hefur hann ekki lagt fram nein gögn um það, að skipt hafi verið um skrúfu í bátnum fyrir gerð samkomulagsins, svo sem reikninga eða kvittanir, en hins vegar liggja fyrir nokkrir reikningar vegna skrúfuskipta frá síðari tíma. Er því ósannað, að aðalstefndi hafi ekki staðið við þennan hluta samkomulagsins.

Þá hefur aðalstefnandi ekki upplýst eða lagt fram gögn um það, hvers konar skrúfa sé undir bátnum nú, hvort hún sé í einhverju frábrugðin þeirri skrúfu, sem upphaflega var sett undir bátinn, eða hvort sama skrúfan sé þar enn, eins og aðalstefndi hefur staðhæft. Hefur aðalstefnandi borið, að hann nái þeirri skrúfu í 2500 snúninga, og sé það fullnægjandi. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að upphaflega skrúfan hafi verið gölluð.

Hefur aðalstefnandi því ekki fært fram nein rök fyrir því, að aðalstefnda beri að kosta skrúfuskipti á bátnum, eins og krafa er gerð um.

Ekki verður á það fallist með aðalstefnanda, að af orðalagi 5. tl. samkomulagsins verði ráðið, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til að komast að orsök titrings, eins og aðalstefnandi heldur fram. Samkvæmt samkomulaginu skuldbatt aðalstefndi sig til að komast að orsök hávaða, og er ekki ágreiningur um, að það hafi verið gert. Um titring felur samkomulagið einungis í sér, að komi í ljós, að orsakir titrings og hávaða sé að rekja til vélbúnaðar þess, sem aðalstefndi seldi aðalstefnanda, beri Vélorka þann kostnað, sem fyrirtækið hefur lagt út, en ella beri aðalstefnanda að endurgreiða þann kostnað, verði orsökina rakin til niðursetningar á vél.

Aðalstefnandi hefur því ekki sýnt fram á, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig með samkomulaginu til að greiða annan kostnað en þann, sem beint er

talinn upp þar, eða fyrirtækið hafði þegar lagt út, og þá því aðeins, að orsök titringsins verði ekki rakin til niðurstetningar búnaðar, eins og að framan greinir.

Aðalstefnandi lét dómkveðja matsmenn til þess m. a. að finna orsök titringsins í bátnum. Eins og fram kemur í matsgerð, treystu matsmenn sér ekki til að skera úr um það.

Í málaltilbúnaði sínum fullyrðir aðalstefnandi, að orsök titringsins hafi verið sú, að stýring á girtengi passaði ekki við stýringu á flansi, og hafi stýring á flansi við gír verið rennd of víð, og hafi titringur lagast, eftir að úr því hafði verið bætt, eins og nánar greinir í stefnu.

Aðalstefnandi hefur lagt fram gírflans, sem upprunalega var settur í bátinn, ásamt tengistykki úr næloni, sem hann kveður síðast hafa verið skipt úr bátnum. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa mælt gírflansinn og tengistykkið, og er það niðurstaða þeirra, að mál séu rétt og ekkert bendi til þess, að gírflansinn hafi verið renndur of víður. Er þessi staðhæfing aðalstefnanda því ósönnuð.

Aðalstefnandi lét titringsmæla bátinn tvívegis hjá tæknideild Fiskifélags Íslands. Er niðurstaða þeirra mælinga sú, að titringur stafi frá skrúfuás vegna skekkju og að hægt hafi verið að einangra titringinn við öxulbúnaðinn.

Starfsmenn tæknideildarinnar, sem umsjón höfðu með mælingunum, komu fyrir dóminn og staðfestu niðurstöður sínar.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna með hliðsjón af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að ranglega hafi verið staðið að niðurstetningu á vélbúnaði og af því stafi skekkja á öxlinum, sem rekja megir titringinn til, og telja þeir framangreinda titringsmælingu staðfesta þá niðurstöðu. Meðal annars reisa þeir þessa niðurstöðu sína á ásigkomulagi fram lagðs gírflans og nælontengis, en boltagöt á þeim eru greinilega útásuð, en eins og fyrr hefur verið rakið, getur útásunin ekki stafað af því, að stýring á gírflansi hafi verið rennd of víð. Kemur því ekki annað til álita en skekkja hafi verið á niðurstetningu á vél og skrúfubúnaði.

Það er því niðurstaða dómsins, að sýkna beri aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Með því að titringur verður einungis rakin til niðurstetningar á búnaði, ber að taka kröfur gagnstefnanda í gagnsök til greina, sem reistar eru á samkomulagi á dskj. nr. 9, 5. tölulið. Hefur gagnstefndi ekki mótmælt skyldu sinni samkvæmt samkomulaginu, og er fjárhæð í gagnsök óumdeild.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 100.000 kr. í aðalsök og gagnsök.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn ásamt meðdómendum Birni Magnússyni vélfræðingi og Lárusi Björnssyni vélfræðingi.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Vélorka hf., Grandagarði 3, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnanda, Skarphéðins Árnasonar, Kirkjubraut 58, Akranesi, í aðalsök.

Gagnstefndi, Skarphéðinn Árnason, greiði gagnstefnanda, Vélorku hf., í gagnsök 145.996 kr. auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. júní 1989 til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. sömu laga. Enn fremur greiði gagnstefndi gagnstefnanda 100.000 kr. í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
